

BORGARRÁÐ 20. janúar 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skráningu hunda – MSS22010226

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um skráningu hunda eftir að málauflokkurinn færðist frá heilbrigðiseftirliti borgarinnar yfir til íþróttá- og tómstundaráðs. Ákveðið var að áfram skyldi innheimt skráningar- og eftirlitsgjald af hundaeigendum þrátt fyrir að verkefnum hundaeftirlitsmannna hafi snarfækkað. Óskað er eftir tölulegum upplýsingum og samanburðaupplýsingum um þessar skráningar. Hversu margir hundar hafa verið skráðir eftir flutning málauflokksins og fjöldi skráninga borin saman við skráningar hunda síðustu 4 ár? Óskað er upplýsinga um hvernig þjónusta er veitt nú, eðli hennar og umfang og hversu margir hundar/hundaeigendur hafa þegið þjónustu frá ÍTR og hvernig er sú þjónustu frábrugðinn þeiri sem var.

Minnisblað um fyrsta starfsá Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR).

Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR) tók formlega til starfa vorið 2021. Yfirlæsingar eru ófærslu verkefna frá öðrum aðilum innan borgarinnar t.d. USK og HER hefur átt sér stað hægt og bítandi síðan. Í upphafi var áherslan lögð á yfirlæsingar og skráningarmál hunda og var rafræn skráning komin í gagnið í maí 2021. Vegna yfirlæsingar reyndist ekki unnt að innheimta hundagjöld fyrir árið 2021 fyrr en í ágúst. Gjöld fyrir 2022 voru hins vegar innheimt á réttum tíma í mars.

Áramótin 2021-2022 hafði orðið nettófjölgun (þ.e. þegar tillit er tekið til skráninga og afskráninga hunda) upp á um 200 hunda í Reykjavík frá því að DÝR tók yfir hundaskrána í júní 2021. Mikil vinna hefur verið lögð í að leiðréttu skrána og færa til betra horfs. Alls eru nú skráðir um 5000 hundar á höfuðborgarsvæðinu, um helmingur þeirra í Reykjavík.

Áhersla var lögð á það í upphafi þjónustunnar að koma hundaskráningum á rafrænt form í gegnum island.is. Fram að því hafði fólk þurft að skila öllum upplýsingum á pappír. Skráningarferli hunda í Reykjavík er núna orðið mjög einfalt og tekur örfáar mínútur. Þá var jafnframt lögð áhersla á að útbúa nýja hundasamþykkt og var hún unnin í samráði við félagasamtökin FÁH, Hundaræktarfélag Íslands og Dýrahjálp Íslands. Samþykktin tók formlega gildi í mars 2022.

Sumarið 2021 gerði DÝR ástandsskoðun á öllum hundasvæðum borgarinnar og gaf út skýrslu um þörf á úrbótum sem unnið hefur verið að síðan í samstarfi við USK. Verið er að hefjast handa við að koma upp æfingatækjum fyrir hunda og nýjum ruslastömpum á öllum hundasvæðum borgarinnar. Þá verður aukið eftirlit og þjónusta á þessum svæðum í sumar. Þá er unnið að því að gefa út kort með nánari upplýsingum um hundasvæðin í samræmi við nýja hundasamþykkt.

Byrjað var að skrá öll símtöl (í númerið 8227820) sem berast DÝR rafrænt í febrúar 2022. Þetta eru um 250 símtöl á tímabilinu eða að jafnaði um 25 á viku. Þetta er þó mjög sveiflukennt og verður spennandi að sjá þróunina nú í vor og á komandi sumri. Frá 1. ágúst 2021 til 1. jan 2022 bárust hins vegar 727 símtöl (um 120 símtöl á mánuði). Auk þessa berst DÝR mikið af tölvupóstum (dyr@reykjavik.is) og skilaboðum á Facebook.

Sé símtalaskráningin frá febrúar 2022 skoðuð er skiptingin eftirfarandi (250 símtöl):

67% tengt hundum – helmingur af því vegna ónæðis, sóðaskaps og lausagöngu. Skráningarmál og upplýsingagjöf er restin. Mikið er spurt um leyfismál í fjöleignahúsum og leitað ráðlegginga í þeim málum.

7% vegna katta (ath. þó að varptími fugla á líklega eftir að breyta þessu hlutfalli mikið nú í vor miðað við fyrri reynslu).

19,5% vegna fugla – oftast fuglar í neyð. Hefur aukist að undanförnu vegna fuglaflensu.

6,5% annað s.s. meindýr, búfé, kanínur, hænur og almennar fyrirspurnir.

Fimm bitmál hunda á fólk í hafa komið inn á borð DÝR á þessu tímabili. Eitt þeirra alvarlegt. Gerð hefur verið krafa um atferlismat á hundum í þremur bitmálum.

22 hundar hafa dvalið hjá dýraþjónustunni s.l. ár eftir lausagöngu og handsömun. Flestir dvöldu hundarnir skamman tíma í vörslu DÝR oftast í nokkrar klukkustundir. Fáeinir hundar dvöldu þó í

nokkra daga. Lögð er áhersla á að geyma handsamaða hunda sem minnst eina í hundageymslu og hafa þeir oftast fylgt starfsfólki bróðurpartinn af dvöl þeirra hjá DÝR. Hundar eru afhentir eigendum eins fljótt og auðið er og þeir sem eru með skráða hunda hafa ekki verið rukkaðir um handsömunargjald og aðrir verið hvattir til að skrá hunda sína.

163 mál hafa verið stofnuð í málakerfi DÝR á þessu fyrsta ári. Mál eru stofnuð sé talið líklegt að grípa þurfi til aðgerða af einhverju tagi. Má þar nefna samtal við eigendur, vettvangsferð eða bréfaskriftir. Nokkur mál hafa verið send áfram til frekari vinnslu hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) og hefur samstarf við HER gengið afar vel. Þá er mikið og gott samstarf komið á milli DÝR og MAST og leita báðir aðilar liðsinnis hins. Þá er samstarf komið á við Heilbrigðiseftirlit nágrannasveitarfélaganna sem sinnir hundaeftirliti þar og er vilji til þess að byggja það frekar upp af hendi beggja aðila. Samstarf hefur verið við Dýrahálp Íslands um miðlun hunda til nýrra eigenda, hunda sem ekki hafa getið verið hjá eigendum lengur eða sem enginn hefur vitjað af einhverjum ástæðum. Þá hefur Kattholt tekið við köttum og miðlað til nýrra eigenda. Enginn hundur né köttur hefur verið aflífaður á þessu fyrsta ári dýrapjónustunnar vegna þess að enginn hafi vitjað dýrsins og er það í samræmi við stefnu DÝR.

Brugðist hefur verið við 96 ábendingum á tímabilinu um villt og hálfvillt dýr í hremmingum. Í flestum tilfellum var um fugla að ræða og fengu margir þeirra umönnun í húsdýragarðinum. Sérstök áhersla var lögð á umönnun fugla af válistum í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands. Brugðist var við tveimur mengunarslysum þar sem dýr komu við sögu á þessu fyrsta ári starfseminnar.

Dýrapjónustan svarar tölvupóstum alla daga vikunnar og svarað er í dýrapjónustusímann (822-7820) alla daga vikunnar frá 08 – 22. Viðbragðsaðilar s.s. löggregla geta leitað aðstoðar allan sólarhringinn og virðast þeir nýta sér það í auknum mæli. Þá hefur það einnig færst í aukana að fólk úr nágrannasveitarfélögunum hringi í dýrapjónustuna vegna ýmissa dýratengdra mála.

Efni símtala við DÝR 1.2 - 20.4 2022

